

56. Stjórnarfundur Nýheima 21. 10. 2015, kl. 13:00 – 14:30

Fundarstjórn: Davíð Arnar Stefánsson

Ritari: Þorvarður Árnason

Forföll: Hrafnkell Guðnason, Vala Björg og Vilhjálmur Magnússon

Dagskrá:

1. Davíð sagði frá ferð sinni á tengslaráðstefnu Erasmus+ í Króatíu. Styrkur fékkst frá Rannís til ferðarinnar. Ferðin var gagnleg og lærdómsrík. Davíð kynnti þar HFN-verkefnið og fékk góðar undirtektir, en þó kom í ljós að erfitt getur reynst að mæta það inn í styrkjaramma Erasmus+. Áætlunin getur nýst ýmsum öðrum verkefnum sem rætt hefur verið um innan stjórnar NP eða hjá einstökum stofnunum. Mikilvægt að bæði starfsmenn og stjórnarmenn í NP skoði vandlega þá möguleika sem Erasmus+ býður upp á. Rætt um að fá Andrés Pétursson til að koma og halda “workshop” með þeim aðilum sem hefðu hug á að sækja um til Erasmus+ á næsta ári.

2. Fjármál NP – Davíð gerði grein fyrir fjárhagsstöðu Nýheima. Farið yfir grunnframlög og föst útgjöld, sem og sértekjur og útgjöld vegna einstakra verkefna (OP, LUV). Útlit er fyrir nokkurn rekstrarafgang nú í ár, líkt og í fyrra, ef ekki verður ráðist í fleiri verkefni.


3. Rekstur húss Nýheima og aðkomu stjórnar NP að honum – Eyjólfur gerði grein fyrir fundi með Birni Inga bæjarstjóra. Töluvert tap hefur verið á rekstri húsnæðisins á undanförunum árum sem Svf. Hornafjörður hefur þá borið. Einnig hefur verið nokkurt tap á rekstri kaffiteríunnar sem FAS hefur tekið á sig. Stjórn NP ber ekki ábyrgð á rekstri húsnæðisins en þarf að geta tekið þátt í samtali við eigendur þess, t.a.m. um endurbætur. Fyrirhugað er að semja verklagsreglur um samskipti eigenda og íbúa hússins.

4. Styrking tengsla milli NP og þekkingarstofnana í Skaftárhreppi – Eyjólfur ræddi um mikilvægi þess að áfram væru til staðar sterkar þekkingarstofnanir á Kirkjubæjarklaustri, sbr. umræður á ársfundi Kirkjubæjarstofu. Tengsl NP vestur á bóginn ættu því f.o.f. að miðast við að styrkja þær einingar sem þegar væru til staðar, sérstaklega í gegnum aukið rannsóknasamstarf. Mörg samstarfsverkefni kæmu til álita en nærtækast væri e.t.v. að horfa á ungt fólk og á umhverfismál, þar væru sterkir snertifletir milli svæðanna tveggja.

Önnur mál:

Rætt um skiptingu kostnaðar vegna kaupa á flokkunartunnum – samþykkt að FAS greiði 2/3 af kostnaði en 1/3 skiptist á milli stofnana á neðri hæð Nýheima.

Málþing um rannsóknir í NP – Þorra, Kristínu og Völu falið að undirbúa þetta málþing, með aðstoð Davíðs. Samstarfsaðilum í Skaftárhreppi verði boðið til málþingsins og haldnir vinnufundir með þeim í leiðinni, m.a. um mótun samstarfsverkefna.





Kaffistofumál – íbúahópurinn hefur tvístrast undanfarnar vikur, eftir að kaffikannan var færð. Ekki hefur tekist að finna nýjan samastað. Samveran stóð þáttur í tilveru Nýheima. Rætt um að færa “klasakaffið” fram til kl. 09:40. Davíð mætir með flautuna!

Ársfundur Samtaka Þekkingarsetra verður haldinn á Selfossi í næstu viku – Davíð og Eyjólfur munu mæta f.h. NP.

Jökulheimar – rætt um að fá kynningu frá Völu.

Fulltrúi Matís í stjórn NP – Nína hefur sagt upp störfum hjá Matís og því þarf að fá annan fulltrúa frá þeim í stjórn NP innan tíðar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:30.